

ORKUSTOFNUN
Orkuskipti

Jarðhitasvæði í Mosfellssveit

Jarðhitadeild
GREINASAFN

Skýringar:

- 10 Gufuborsholur MG 1 - MG 30
- Óboroðar Gufuborsholur

Mæliskvæði



8/75

OSM 75 08



FRAMVINDUSKÝRSLA UM BORHOLUR
MG-12 TIL MG-26 Í MOSFELLSSVEIT

eftir

Jens Tómasson

FORMÁLI

Hér eru heftar saman skýrslur um holurnar MG-12 til MG-26 að báðum holum meðtöldum. Þetta eru að stofni til skýrslur, sem hafa verið skrifaðar skömmu eftir borun hverrar holu. Í þessari skýrslu hef ég bætt við gögnum, sem síðar hafa komið t.d. nýjum hitamælingum og þunnsneiðum sem alltaf eru að bætast við og talningum í þeim. Þar sem þetta eru í rauninni margar skýrslur heftar saman er ekki alveg samræmt málfar í öllum skýrslunum, gætir þessa fyrst og fremst í einstaka skammstöfunum og míneralheiti (t.d. l/sek = l/s og kalkspat = kalsít). Öll brot úr klst lesist sem mínútur. Þessi skýrsla er fyrst og fremst vinnuplagg og fyrir vinnuhóp á Orkustofnun sem vinnur að rannsóknum á þessu svæði en einnig er Hitaveitu Reykjavíkur send eintök af skýrslunni.

Desember 1974,

Jens Tómasson.

EFNISYFIRLIT

Hola MG-12	Bls.
Borun	1
Jarðlög	1
Vatnsæðar og hiti	2
Þrýstiprófun	3
Tafla nr. 1, þrýstiprófun MG-12	5
Listi yfir þunnsneiðar	5
Jarðlagasnið mynd Fnr. 10721	
Hitamæling mynd Fnr. 10718	
Hola MG-13	
Borun	6
Jarðlög	6
Vatnsæðar og hiti	9
Þrýstiprófun	11
Tafla nr. 2, þrýstiprófun MG-13	12
Listi yfir þunnsneiðar	12
Jarðlagasnið mynd Fnr. 10710	
Hitamæling mynd Fnr. 10719	
Hola MG-14	
Borun	13
Jarðlög	13
Vatnsæðar og hiti	17
Þrýstiprófun	18
Tafla nr. 3 þrýstiprófun MG-14	20
Listi yfir þunnsneiðar	21
Jarðlagasnið mynd Fnr. 10934	
Myndbreytingarmíneralar mynd Fnr. 11393	
Hola MG-15	
Borun	22
Jarðlög	22

	Bls.
Vatnsæðar og hiti	25
Þrýstiprófun	27
Tafla nr. 4, þrýstiprófun MG-15	29
Listi yfir þunnsneiðar	30-31
Jarðlagasnið mynd Fnr. 10078	
Myndbreytingarmíneralar mynd Fnr. 11394	
Hitamæling mynd Fnr. 11035	
Hola MG-16	
Borun	32
Jarðlög	32
Vatnsæðar og hiti	35
Þrýstiprófun	36
Tafla nr. 5, þrýstiprófun MG-16	38-40
Listi yfir þunnsneiðar	41
Jarðlagasnið mynd Fnr. 11063	
Hitamæling mynd Fnr. 11036	
Hola MG-17	
Borun	42
Jarðlög	42
Vatnsæðar og hiti	46
Þrýstiprófun	47
Tafla nr. 6, þrýstiprófun MG-17	48
Listi yfir þunnsneiðar	49
Jarðlagasnið mynd Fnr. 11125	
Myndbreytingarmíneralar mynd Fnr. 11395	
Hitamæling mynd Fnr. 11313	
Hola MG-18	
Borun	50
Jarðlög	50
Vatnsæðar og hiti	55
Þrýstiprófun	56
Tafla nr. 7, þrýstiprófun MG-18	59
Listi yfir þunnsneiðar	60

	Bls.
Þunnsneiðatalning	61
Jarðlagasnið mynd Fnr. 11294	
Hitamæling mynd Fnr. 11412	
Hola MG-19	
Jarðlög	70
Vatnsæðar og hiti	73
Þrýstiprófun	75
Tafla nr. 8, þrýstiprófun MG-19	76
Listi yfir þunnsneiðar	77
Þunnsneiðatalning	78
Jarðlagasnið mynd Fnr. 11295	
Myndbreytingarmínaralar mynd Fnr. 11397	
Hitamæling mynd Fnr. 11214	
Hola MG-20	
Borun	80
Jarðlög	80
Vatnsæðar og hiti	83
Þrýstiprófun	84
Tafla nr. 9, þrýstiprófun MG-20	88
Listi yfir þunnsneiðar	90
Jarðlagasnið mynd Fnr. 11432	
Hitamæling mynd Fnr. 11437	
Hola MG-21	
Borun	91
Jarðlög	91
Vatnsæðar og hiti	95
Þrýstiprófun	96
Tafla nr. 10, þrýstiprófun MG-21	98
Listi yfir þunnsneiðar	100
Jarðlagasnið mynd Fnr. 11575	
Hitamæling mynd Fnr. 11459	

Hola MG-22	Bls.
Borun	101
Jarðlög	101
Vatnsæðar og hiti	103
Þrýstiprófun	105
Tafla nr. 11 þrýstiprófun MG-22	106-107
Listi yfir þunnsneiðar	108
Þunnsneiðatalning	109
Jarðlagasnið mynd Fnr. 11576	
Hitamæling mynd Fnr. 11460	

Hola MG-23	
Borun	110
Jarðlög	110
Vatnsæðar og hiti	113
Þrýstiprófun	114
Tafla nr. 12, þrýstiprófun MG-23	115
Listi yfir þunnsneiðar	116
Þunnsneiðatalning	117
Jarðlagasnið mynd Fnr. 11848	
Hitamæling mynd Fnr. 11629	

Hola MG-24	
Borun	119
Jarðlög	119
Vatnsæðar og hiti	123
Þrýstiprófun	124
Tafla nr. 13, þrýstiprófun MG-24	126
Listi yfir þunnsneiðar	129
Jarðlagasnið mynd Fnr. 11872	
Hitamæling mynd Fnr. 11786	

Hola MG-25	
Borun	130
Jarðlög	130
Vatnsæðar og hiti	134

	Bls.
Þrýstiprófun	134
Tafla nr. 14, þrýstiprófun MG-25	137
Listi yfir þunnsneiðar	138
Jarðlagasnið mynd Fnr. 11873	
Hitamæling mynd Fnr. 11802	
Hola MG-26	
Borun	139
Jarðlög	139
Vatnsæðar og hiti	141
Þrýstiprófun	141
Tafla nr. 15, þrýstiprófun MG-26	143
Listi yfir þunnsneiðar	144
Jarðlagasnið mynd Fnr. 11915	
Hitamæling mynd Fnr. 11986	

Hola MG-12

Borun

Borun hófst 09.06.1972 og þann 14.06. var búið að fódra holuna niður í 198 m dýpi með 245 mm röri. Þann 20.06. var holan orðin 800 m djúp og var þá borun hætt. Dagana 21.06.-22.06. var holan þrýstiprófuð, og þann 23.06. var borinn tekinn niður og fluttur að Mg-13.

Jarðlög Sjá jarðlagasnið Fnr. 10721

30-80 m dýpi. Fyrsta sýnið er frá 30 m dýpi og er það rauðleitt, túffkennt set með nokkrum basaltmolum. Neðst er þetta set mjög túffkennt eða jafnvel hreint túff.

80-168 m dýpi. Efst í þessu lagi eru tvö basaltlög, sem skilja túfflögin að fyrir ofan, en síðan er að mestu mjög glerríkt móberg eða jafnvel túff. Þetta sama lag er í hinum holunum og oftast greint sem túff.

168-280 m dýpi. Mest basaltlög með þunnum millilögum. Basaltið er mjög misjafnlega myndbreytt og gæti verið að það ferskasta séu gangar, jafnvel dolerít gangar. Basaltið er mjög misjafnlega grófkrystallað og mest er af þóleít en eitthvað er af ólivín basalti.

280-309 m dýpi. Leirrík móbergsbreksía eða móbergsset.

309-340 m dýpi. Fersk, fremur grófkrystölluð basaltlög, en á milli þeirra eru rauðleit túffkennd setlög.

340-380 m dýpi. Breksía eða túffkennt set.

380-638 m dýpi. Langmest túff eða túffkennt set, túffið

er setlegt ofantil og allt niður í 530 m dýpi, en þaðan er það sennilega túff.

638-664 m dýpi. Virðist vera myndbreytt ólivínbasalt.

664-800 m dýpi. Er að mestu leyti fersk basaltlög, þó er eitthvað af millilögum. Þessi basaltlög eru það fersk að þetta gætu verið gangar. Þetta basalt er yfirleitt þóleít, þó eru á einstaka stað dólerít gangar. Þunnsneiðar nr. 2225, dýpi 670 m., nr. 2226, dýpi 678m., nr.2227, dýpi 696 m., nr. 2228, dýpi 754., nr. 2229, dýpi 770m.

Myndbreyting

Glerið er yfirleitt mest myndbreytt yfir í leirminerala, þó finnst svolítið ferskt gler í efstu túfflögunum. Víða eru zeólítar sem bindiefni í túffinu og efst virðist vera kabasít, og stílbít finnst í basaltlögunum í kringum 200 m dýpi. Fyrir neðan 250 m dýpi finnst bæði stílbít, kalkspat og mesólít. Í þykkustu lögunum virðist vera mest af mesólít og einnig töluvert mikið af kalkspati. Laumontít finnst fyrir neðan 600 m dýpi.

Vatnsæðar og hiti. Sjá hiti Fnr. 10718.

Það byrjar að koma vatn í þessa holu í 183 m dýpi og var það um 5-6 l/sek sem byrjuðu að koma þar, svo hélt holan áfram að opnast og í 194 m var komið algjört tap eða yfir 40 l/sek. Borað var með 13 tommu krónunni niður í 205 m en fóðurrörið var ekki sett nema í 198 m dýpi og er því steypdur hluti af þessum vatnsæðum af. Eftir að búíð var að fóðra var vatnstapið tekið strax á eftir og þá var um 5 l/sek tap fyrir neðan fóðurrörið. Þetta vatnsæðanet virðist vera í mjög þunnum basaltlögum og

jafnvel göngum með millilögum og virðast vatnsæðarnar koma í millilögnum. Engar verulegar vatnsæðar voru í holunni fyrr en svo aftur í 695 m dýpi en þá var aftur algjört tap 40 l/sek. Kemur þessi vatnsæð í millilagi undir þóleít basaltlagi eða þóleítgangi.

Hitamælingar: Sjá Fnr 10718. Holan var einu sinni hitamæld meðan á borun stóð eftir að komið var í neðri vatnsæðina og búið er að hitamæla hana einu sinni eftir borun. Í hvorugt sinnið virðist holan hafa náð fullum hita, hún er yfir 90°C fyrir neðan vatnsæðina í 695 m og má atla að vatnið í þeirri æð sé a.m.k. 90°C ef ekki meir. Þessar tvær aðalvatnsæðar koma mjög vel fram sérstaklega í seinni hitamælingunni í 200 og 695 m dýpi. Þessi hola virðist þv í vera með eitthvað heitara vatn en holurnar, sem hingað til hafa verið boraðar.

Þrýstiprófun

Yfirlit yfir magn og afköst o.fl. er í töflu 1. 21.07. var gerð þrýstitilraun á holunni. Pakkað var í 669 m dýði og dælt niður fyrir pakkarann. Það liðu um það bil tveir tímar áður en þrýstingurinn fór verulega að lækka. en í heild lækkaði þrýstingurinn um a.m.k. 9 kg. Í vatnsæðina fyrir neðan pakkara var hellt sagi og þétt að nokkru leyti og hefur tekið tvo tíma að ná þessari stíflu úr aftur. Bakþrýstingurinn var mjög lítill og tók örfáar sekúndur að falla svo líklega er æðin mjög opin. Eftir þeim tölum, sem við höfum reiknað með um viðnám í stöngum og pakkara, er viðnámið á holunni sjálfri um 20-22-15 kg með 48 l/sek dælingum. Dælt var einnig ofan á pakkarann og var dælt rólega og aldrei farið upp fyrir 11kg/cm², en hins vegar virtist holan opnast jafnóðum og dælt var á hana, þannig að sama var hvað dælt var miklu, þar varð þrýstingurinn aldrei hærri en 10kg/cm². Þarna hefur opnast aftur æðin, sem steipt var af í

fóðringunni og þó dælt væri upp undir 81 l/sek þá var þrýstingurinn ekki nema 7 kg/cm². Nú eru báðar aðalæðarnar opnar í holunni, vatnsæð í kringum 200 m dýpi og vatnsæð í 695 m dýpi. Niður fyrir þakka var dælt 700 tonnum en ofan á þakkarann var dælt um 100 tonnum.

TAFLA 1

Þrýstiprófun í MG-12 21. júní 1972.

Dælinga númer	Tími klst	l/sek	Magn tonn	Þrýstingur kg/cm ²	Útreikn. Þrýst.	Dælt í bil m - m
1	0 22	45	59	58-60	25-27	669-801
2	3 40	48	633	58-60-51	20-22-13	669-801
3	3 25	48	639	58-50-51	20-12-13	669-801
4	0 17	79	81	11-7-10		198-669
5	0 16	83	99	8.5 8.5		198-669

MG-12 Þunnsneiðar

No.	Dýpi	Gerðar eftir að vélritun lauk:
2226	670	Engar talningar No. 4697 212 m
2226	678	4698 232
2227	696	4699 252
2228	754	4700 284
2229	770	4701 316
		4702 332
		4703 348
		4704 368
		4705 454
		4706 618
		4708 666
		4709 726

Hola MG-13

Borun

Þann 26. júní var búið að reisa gufuborinn við Mg-13 og þann dag var hliðarhola boruð. Borun aðalholu byrjaði svo 26.06.72 og þann 29. júní var búið að fódra með 245 mm fódurröri niður í 185 m dýpi. Þann 16. ágúst var holan orðin 1905 m djúp og var þá borun hætt. Holan var svo þrýstiprófuð dagana 16-18. ágúst en 19. ágúst var seinasti vinnudagurinn við holuna.

Jarðlög Sjá jarðlagasnið Fnr. 10710.

24-108 m dýpi. Þetta er að mestu leyti svart túff með nokkru af fersku gleri og litlum hvítum holufyllingum. Nokkuð af basalti er sumsstaðar í þessu túffi og sumsstaðar er svolítið setlegt. Það er því merkt ýmist sem túff eða breksía en sennilega er þetta allt eitt og sama lagið.

108-126 m dýpi. Þetta virðist vera set. Brotkornin eru að mestu leyti úr myndbreyttu gleri og basalti og einnig töluvert af rauðleitum massa og mikið af zeólítum.

126-280 m dýpi. Skiptast á þóleít basaltlög og millilög. Þóleít er einna grófast í kringum 158 m dýpi og það gæti verið gangur. Nokkur myndbreyting er í þessum þóleít lögum einkum þó í neðstu lögunum og hugsanlegt er að sumt af þessu, sem er greint sem basalt, sé raunverulega gróft set. Millilögin eru sumsstaðar allþykk og er mikið af gleri í þeim og er greint sem móbergsbreksía en sennilega eru þetta mest setlög bara með misjafnlega miklu gleri í.

280-530 m dýpi. Virðist vera glerrík breksía eða túff-
kennt set og sennilega það seinna. Þetta eru mest
brotkorn, sem eru með dreifikornum af gleri oft bundið
saman með rauðleitum massa, en nokkuð er þó af
basalt brotkornum í þessu einkum fyrir ofan 320 m
dýpi. Einnig eru basalt dreifikorn í fínkornótta
massanum. En fyrir neðan 320 m er bergið mjög gler-
ríkt. Þunnsneið nr 2256, dýpi 396 m.

530-544 m dýpi. Mest myndbreytt þóleítbasalt þó
einstaka ólivínbasaltlög inn á milli.

664-970 m dýpi. Mest móbergsbreksía með einstaka
basaltlögum. Basaltið gengur eins og eitlar inn í
þessa seríu og gæti eitthvað af þessu basalti verið
gangar og þá allt þóleítískir gangar. Efst er þessi
sería mjög setleg, en sumstaðar örugglega
gosbergsbreksía. Þunnsneið nr. 2257, dýpi 920 m.

970-1200 m dýpi. Þetta er mjög myndbreytt berg og erfitt
að vera viss um, hvers konar berg þetta hefur uppruna-
lega verið, en líklegt er, að þessi myndbreyting stafi
af því að bergið hefur verið glerríkt og þá líklega breksía,
þótt engan sérstakan glerstrúktúr sé að sjá í myndbreyt-
ingunni. Þetta er að mestur leyti merkt inn á sniðið sem
breksía en ekki er víst að það sé alveg rétt, sumt
gæti verið myndbreytt basalt og einkum á það við
um neðstu breksíuna í þessari seríu. Þessi myndun er
gegnumstungin af göngum og fersku basaltlögin þarna eru
þóleítískir gangar, en efst í mynduninni er nokkuð af
díabasgöngum. Þunnsneið nr. 2258, dýpi 1154 m.

1200-1270 m dýpi. Efst er myndbreytt basalt, þóleít
basalt. Það kemur ferskt þóleít sennilega gangur og
svo eru nokkrir kdólerítgangar einnig í þessari seríu.

1280-1450 m dýpi. Mest af þessari seríu virðist vera myndbreytt gróft ólivín basalt eða jafnvel myndbreytt dólerít. Þetta er að mestu skráð sem dólerít gangar og örugglega er einhver hluti basalt. Það finnst meðal annars epidót, sem sjaldan finnst í dólerítgöngum. Þunnsneiðar nr. 2259, dýpi 1356 m, og nr. 2260, dýpi 1444 m.

1450-1580 m dýpi. Mest myndbreytt basalt og er bæði ólivín og þóleít basalt í þessari seríu en mikið um dólerít ganga. Þunnsneið nr. 2261, dýpi 1554 m.

1580-1760 m dýpi. Langmest ber á grófkristölluðu bergi og er meginhlutinn sennilega dólerít gangar. Þó er þetta örugglega meira en einn gangur enda er einn glerkenndur þóleítískur gangur í 1610-1616 m dýpi og einnig er sennilega nokkuð af myndbreyttu basalti inn á milli ganganna eða innskotanna. Þunnsneið nr. 2262, dýpi 1706 m.

1760-1805 m dýpi. Langmest af mjög myndbreyttu basalti með miklu af epidóti, en einnig nokkuð af dólerít göngum einkum efst. Þunnsneið nr. 2263, dýpi 1790 m.

1805-1895 m dýpi. Grófkristallað dólerít innskot, fremur ferskt. Þunnsneið nr. 2264, dýpi 1894 m.

1895-1905 m dýpi. Ekkert svarf, svo ekki er vitað með vissu hvaða berg er þarna en borhraðinn jókst þegar komið var í vatnsæðina í 1895 m dýpi svo líklega hefur verið búið að bora í gegnum dólerít innskotið.

Myndbreyting

Meginhlutinn af glerinu virðist vera myndbreytt yfir í leirmínerala. Þó finnst nokkuð af svörtu gleri í efsta, svarta túffinu. Bindiefnið í svarta túffinu virðist vera zeólítar og sennilega kapasít. Kalkspat og

mesólít finnast frá 100 m dýpi. Stilbít finnast í basaltlögnum í kringum 200 m dýpi og svo öðru hvoru niður í 600 m dýpi. Mesólít er í móbergi og seti fyrir ofan 500 m dýpi. Einnig er talsvert af kalkspati í þessum lögum á þessu dýptarbili. Laumontít finnast frá 504 m dýpi og er síðan öðru hvoru og prenit fannst í 472 m dýpi ásamt laumontíti. Epidót finnast frá 850 m dýpi, en í mjög misjöfnum mæli. Einna mest af epidóti er nær neðst í holunni í basaltlögnum fyrir ofan neðsta innskotið í kringum 1800 m. Þar er mjög mikið af epidóti en ekkert er í dólerít innskotinu þar fyrir neðan.

Vatnsæðar og hiti (Hitamælingar sjá Fnr 10719)

Nokkurt vatnstap var í holunni fyrir ofan 185 m, en þær vatnsæðar voru steyptar af í fóðruninni. Efsta vatnsæðin fyrir neðan fóðurrörið er á milli 280-332 m dýpi, ekki ósennilegt að það sé í basaltlaginu í kringum 320 m, en samkvæmt venju er vatnsæðin skráð í neðri hluta bilsins. Þessi æð var mjög lítil, aðeins um 1 l/sek. Það eru tvær vatnsæðar í móberginu, sem nær niður í 530 m dýpi, 3 og 5 l/sek æðar. Síðan er lítið um vatnsæðar í holunni. Smáæðar eru í kringum 930 og 1040 m dýpi. Efri æðin er í breksíulagi eða mjög myndbreyttu basalti og neðri æðin er í myndbreyttu basalti rétt undir dólerítgangi. Fyrir neðan þetta dýpi var ekki um neinar verulegar vatnsæðar að ræða, en öðru hvoru er tapið svolítið skrykkjótt. Tapið var í kringum 6 l/sek og var aðeins breytilegt, frá 5.5 upp í 6 l/sek en þetta gætu verið mæliskekkjur og ekki öruggt, nema hafa eitthvað annað við að styðjast, hvort um tap hefur verið að ræða eða ekki. En svo var algjört tap í 1795 m eða yfir 50 l/sek og undir 100 m þykku dólerít innskoti, en skolvatnið tapaðist allt strax og var komið ofan í vatnsæðina, svo ekkert svarf er til úr þessu lagi.

Hitamælingar Fnr. 10719: Holan var yfirleitt mæld í helgarleyfum bormanna og fyrsta mælingin var 01.07. Þá var holan 520 m djúp og krónan var í 480 m dýpi. Á þessari hitamælingu koma mjög vel fram helstu vatnsæðarnar í holunni og hitinn í þeirri neðstu. Það var rétt búið að bora í vatnsæðina, þegar hætt var að bora, sem var í 515 m dýpi og hitinn á henni virðist vera eitthvað yfir 92°C og sennilega er ekki um mjög mikla kælingu að ræða. Virðist vatnið úr henni renna upp í-næstu vatnsæð, sem er eitthvað aðeins fyrir ofan 400 m dýpi, eða aðeins ofar en skráð er á sniðinu. Einnig kemur fram vatnsæð í 330 m dýpi, svo gæti verið vatnsæð á milli 225-250 m dýpi og einnig rétt undir fóðurrörinu. Þessar æðar eru ekki merktar á sniðinu. Næst var mælt 09.07., þegar holan var 1231 m djúp og mælt niður í 1200 m dýpi og þar var um 81°C hiti. Vatnsæðin sem er skráð í sniði í 930 m virðist vera nokkuð ofar eftir þessari hitamælingu eða á milli 900-925 m. Vatnsæðin sem er skráð í 1048 m er sennilega nokkuð ofar eða fyrir ofan 1025 m. Svo gæti verið vatnsæð milli 1125-1150 m, þar er skráð smátap um 0.5 l/sek og þar er hitastökk í hitaferlinum. Síðasta mælingin meðan á borun stóð var gerð 16.07. Þá var holan 1464 m djúp og krónan var í 1440 m dýpi og í 1440 m dýpi var rúmlega 81°C hiti. Það er ekki svo mikill munur á dýpi í holunni frá síðustu mælingu og kemur því lítið fram af öðrum vatnsæðum en voru í fyrri mælingum, þar koma flestar fram sem þá voru. Það er hugsanlegt að það sé vatnsæð milli 1375-1400 m en þar varð einnig vart við smávegis tap. Holan var svo mæld eftir þrýstítilraunina. Það sést á þessari mælingu að meginhluti vatnsins hefur farið í neðstu vatnsæðina sem notuð var í þrýstítilrauninni þar er holan kæld niður í 50°C. Strax undir vatnsæðinni hitnar bergið upp í 70°C, þessi mæling sýnir, svo sem ekkert um raunverulega hitann í holunni. Síðast var hitamælt 10.09.72 eftir að dælt

hafði verið úr holunni með lofti í nokkra daga. Á þessari mælingu kemur fram að borað hefur verið í gegnum mesta hitann og er heitast á milli 400-600 m dýpi yfir 90°C, en neðsta æðin er ekki nema tæplega 84°C.

Þrýstiprófun (yfirlit í töflu 2)

Dagana 16. og 17. ágúst var holan þrýstiprófuð. Þakkari var settur niður í 1262 m dýpi og var til að byrja með dælt niður fyrir þakkara. Var þrýstingur í kringum 68 kg. Sennilegt er, að raunverulegur þrýstingur þegar viðnámið er dregið frá sé u.þ.b. 15-13 kg. Dælt var 43-45 l/sek. Þrýstingurinn var jafn og bakþrýstingurinn féll mjög fljótt sem bendir til þess að æðin sé mjög opin. Þegar átti að fara að loka að stöngum og dæla ofan á þakkara höfðu stengurnar sigið það mikið vegna samdráttar að ekki tókst að loka öryggisloka að stöngum og þess vegna varð að afpakka og taka upp og var ekki pakkað aftur fyrr en um hádegisbilið 17.08. Í töflu 2 er færð dælulengd og fjöldi dælinga, magn og þrýstingur. Niður fyrir þakkara var dælt 5 sinnum og var síðasta dæling lengst, nærri 6 tímar. Alls var dælt tæplega 1000 tonnum niður fyrir þakkarann. Þrýstingurinn var nokkuð jafn eða um 67 kg og sennilega er þrýstingurinn, þegar frá er dregin mótstaðan í stöngunum, nálægt 10 kg. Ofan á þakkarann var dælt um 3000 tonnum. Þegar dælt var ofan á þakkarann var þrýstingurinn mældur beint og var þá 16-17 kg, en þá myndaðist bakþrýstingur og er öruggt að það er miklu minna opið uppi en niðri svo líklega er þrýstingurinn, þ.e. mótstaðan í stöngunum meiri en reiknað er með og raunverulegi þrýstingurinn lægri. Þrýstingurinn féll nokkuð, um 2-3 kg, og gerðist það nokkuð snemma, annars var erfitt að lesa af þrýstinginn, þar sem nokkuð mikill sláttur var á þrýstimælunum. Rétt áður en afpakkað var, var látið renna upp úr holunni á milli og þá var vatnið sem upp kom svolítið gruggugt.

TAFLA 2

Þrýstiprófun í MG-13 16.-17. ágúst 1972.

Dælinga númer	Tími klst	l/sek	Magn tonn	Þrýstingur kg/cm ²	Útreikn. þrýst.	Dælt í bil m - m
1	0.17	30	32	40	8	1262-1905
2	0.20	40	46	67.8	15	1262-1905
3	0.18	42	46	68	13	1262-1905
4	0.20	42	51	68	13	1262-1905
5	5.45	43	799	68	13	1262-1905
6	0.17	51	59	18		185-1262
7	0.18	65	70	18		185-1262
8	0.24	65	93	17		185-1262
9	0.36	65	139	17		185-1262
10	0.34	65	132	17		185-1262
11	0.32	65	124	15		185-1262
12	0.30	65	116	13		185-1262
13	5.25	50	984	13		185-1262
14	1.07	57	230	14		185-1262

MG-13 Þunnsneiðar

No.	Dýpi	Engar talningar	Gerðar eftir að vélritun lauk:
2256	396		No. 4710 182 m
2257	920		4711 212
2258	1154		4712 602
2259	1356		4713 1174
2260	1444		4714 1306
2261	1554		4715 1358
2262	1706		4716 1376
2263	1790		4717 1434
2264	1894		4718 1460
			4719 1510
			4720 1586
			4721 1792
			4722 1858

Hola MG-14

Borun

Búið var að stilla gufubornum aftur upp í Mosfellssveit þ. 18.10.72, og þá var byrjað að bora hliðarholu og byrjað á holunni sjálfri. Þann 20.10. var komið í 214 m dýpi og var þá fóðrað þar og var því lokið 23.10. Eftir fóðrunina var borað með vanalegri krónu niður í 580 m dýpi þá voru teknar þessar nýju krónur J 44 og voru notaðar tvær slíkar krónur niður í botn á holunni, sem var 2034 m á dýpt. Þann 16.11. var holan orðin 2034 m djúp og þá var borun hætt og farið að undirbúa pökkun og holan var svo þrýstiprófuð. Þann 21. nóvember var þrýstiprófun lokið. Þrýstiprófun tók nokkuð lengri tíma en venjulega vegna bilunar á pökkurum. Þ. 22. nóvember var byrjað að taka niður borinn

Jarðlög Sjá jarðlagasnið Fnr. 10934

22-160 m dýpi. Langmest svart túff með zeólítholufyllingum þó er í kringum 40 m dýpi töluvert af basalt brotkornum og einnig rauðleitum holufyllingum, þetta gæti verið setlag eða breksiúlag.

160-196 m dýpi. Ferskt þóleít basalt niður í 170 m dýpi þar fyrir neðan er basaltið mun grófkornóttara og er hluti af því ólivínbasalt.

196-220 m dýpi. Misgróft rauðleitt set og lítið eitt túffkennt.

220-228 m dýpi. Svart túff.

228-252 m dýpi. Tvö mjög fersk þóleít basaltlög með setlagi á milli.

252-288 m dýpi. Túff eða túffkennt set.

288-303 m dýpi. Dökkt fínkornótt glerkennt þóleít basalt, sem er aðeins að byrja að myndbreytast. Neðri hluti basaltsins er mun grófari gæti verið tvö basaltlög.

303-348 m dýpi. Mjög túffkennt set niður í 320 m dýpi, en nokkuð grófara neðar.

348-570 m dýpi. Þetta er allt mjög glerríkt móberg og langmesti hlutinn túff eða túffkennt set, niður í 432 m er mest svart túff með mjög litlu af holufyllingum og með örlítilli grænni slikju á stöku stað. Í kringum 432 m kemur þunnt lag af rauðleitu túffi eða túffkenndu seti með miklu af zeólítum. Fyrir neðan það dýpi er grænleitt túff, sem nær niður í 448 m dýpi. Svo er aftur nokkuð af basaltbrotkornum, og allmikið af zeólítum, en frá 500 m dýpi er aftur grænleitt túff.

575-589 m dýpi. Ferskt basalt líklega gróft þóleít sem er aðeins byrjað að myndbreytast.

589-621 m dýpi. Rauðleit breksía eða gróft set með miklu af holufyllingum, en meiri hlutinn er mjög túffkenndur.

621-840 m dýpi. Langmest þóleít basalt með setlögum eða túfflögum á milli. Efst er þóleítið ferskt, fínkornótt og stundum glerríkt en fyrir neðan 700 m er það allmikið myndbreytt og eru ferskar bríkur í því. Neðstu 10 m af þessari basaltseríu eru ólivínbasalt.

840-902 m dýpi. Mesti hlutinn fremur glerrík myndbreytt móbergsbreksía, en á köflum er mikið af ólivínbasalt brotkornum og gæti verið einstaka myndbreytt ólivínbasaltlög í þessari seríu, einkum ofan til.

902-1060 m dýpi. Skiptast á breksíulög og basaltlög, sumt af breksíunni gæti jafnvel verið setlög og einstaka dólerít gangar eru í þessari seríu. Basaltið er talsvert myndbreytt og ólivínbasaltið er mjög myndbreytt, en þóleítbasaltið mun ferskara.

1060-1100 m dýpi. Efst er þunnt ólivínbasaltlag myndbreytt síðan taka við tvö þóleít basaltlög og er það efra nokkru grófara. Það er aðeins að byrja myndbreyting í þessum lögum.

1100-1158 m dýpi. Myndbreytt ólivínbasalt með nokkrum millilögum.

1158-1214 m dýpi. Langmest fremur fersk basaltlög með nokkrum millilögum sum af millilögum eru túfflög, þetta gætu verið samhliða gangar og neðsta lagið er mjög gróft og gæti jafnvel verið dólerít.

1214-1268 m dýpi. Mest myndbreytt ólivínbasaltlög eða myndbreytt dólerít og nokkuð er af ferskum dólerítlögum og einnig er nokkuð af millilögum, einkum túfflögum.

1268-1282 m dýpi. Ferskt þóleít basalt með byrjun á myndbreytingu.

1282-1335 m dýpi. Skiptast á myndbreytt ólivínbasalt- og þóleítbasaltlög. Á milli eru oft túfflög og talsvert er af epidóti í þeim. Einstaka dólerít gangar eru í þessari seríu.

1335-1351 m dýpi. Fínkornótt þóleítbasalt fremur ferskt en þó að byrja að myndbreytast.

1351-1381 m dýpi. Mest af myndbreyttu ólivínbasalti brotkornum, nokkuð af ferskum þóleítbasaltbrotkornum og mikið af epidóti, sennilega er það að mestu leyti ólivínbasalt.

1381-1385 m dýpi. Fínt þóleítbasaltlag, sennilega gangur.

1385-1413 m dýpi. Mjög myndbreytt basalt en þó mis-myndbreytt og með ferskum köflum á milli, sérlega neðst.

1413 m dýpi. Allmyndbreytt basalt, myndbreytt þóleít basalt niður í 1430 m dýpi þar er grófara og sennilega ólivínbasalt eða jafnvel myndbreytt dólerít. Neðst er það svolítið breksíukennt.

1450-1463 m dýpi. Skiptast á fersk þóleítbasaltlög og mjög myndbreytt á milli og gæti verið að sumt af þessu ferska þóleíti séu gangar.

1503-1581 m dýpi. Mest myndbreytt ólivínbasalt, einnig talsvert af dóleríti.

1584-1600 m dýpi. Myndbreytt basalt ýmist þóleít eða ólivínbasalt.

1600-1800 m dýpi. Mjög mikið um dólerítganga og eru þeir á nokkra metra bili með nokkra metra millilögum á milli eða mjög myndbreyttu basalti. En þessir gangar eru ekki allir dólerítgangar sumir eru þóleítískir.

1800-1825 m dýpi. Misgróft dólerítlag og virðist vera myndbreytt á köflum.

1825-1860 m dýpi. Frekar fín basaltlög, mest þóleítbasalt og ekki mjög myndbreytt og virðist vera með alveg ferskum bríkum á köflum.

1860-1940 m dýpi. Mest myndbreytt ólivínbasalt.

1940-2034 m dýpi. Eru mjög myndbreytt basaltlög oft ólivínbasaltlög með mikið af dólerítinnksotum og mikið er um epídót á milli innskotanna.

Myndbreyting Sjá Fnr. 11393

Myndbreyting er talsverð strax í efstu metrunum og koma þar fyrir bæði kalkspat og zeólítar og kapasít og mesólít eru efstu zeólítarnir. Þó er svolítið af fersku gleri í efstu túfflögunum, í svarta túffinu, og myndast svart liturinn af þessu ferska gleri. Það virðist vera mest af kapasíti í efstu 50 metrunum eða svo en svo er næst kalkspat en mesólít/skólesít er svona niður í 3-400 m dýpi. Neðst í því lagi er einnig töluvert af stílbíti. Stílbítið kemur frá 470 m dýpi og er sennilega meira og minna niður í botn. Epídót kemur í kringum 1160 m dýpi og er svo meira og minna niður eftir holunni, þó mjög mismikið og er oft meira í túfflögum og mjög myndbreyttu basalti. Neðst er mjög mikið af epídóti í myndbreytta hlutanum.

Vatnsæðar og hiti Hitamælingar sjá Fnr. 10984

Mjög lítið var vart við vatnsæðar meðan á borun stóð þegar þessi hola var boruð kann það að nokkru leyti að stafa af því að notað var upp sama vatnið aftur og aftur og var hringrás á vatninu og gæti því skolvatnið hafa þétt meira en í öðrum holum. Vatnsæðar voru eiginlega strax undir fóðruninni og virðast það vera aðal vatnsæðarnar. Fyrstu vatnsæðarnar í kringum 2 l/sek eru í kringum 240 m. Svo var eiginlega ekki vart við neinar vatnsæðar fyrr en í 1760 m dýpi, neðsta æðin var í 1960 m dýpi. Annars var heildartapið í holunni yfirleitt í kringum 1 l/sek nær allan tímann. Nokkuð má ráða í fleiri vatnsæðar en merktar eru inná jarðlagasniðið út frá hitamælingunum. Fyrsta hitamælingin var gerð 29.10. þegar holan var 1068 m djúp. Í þessari hitamælingu kemur fram kæling á öllu bilinu frá 250-425 m dýpi, þar er bergið kaldara heldur en í kring svo að líklegt er að þar hafi tapast

vatn inní bergið og sé því talsvert af vatnsæðum á þessu bili. Einnig gæti verið vatnsrennsli einhvers staðar á milli 575-600 m dýpi, því það er sami hiti þar á nokkru bili fyrir ofan sem bendir á upprennisli á vatni. Slíkt upprennisli gæti líka verið frá því í kringum 700 m dýpi og passar það vel við jarðlög, því þar gætu verið skipti á basaltlögum. Eftir fyrstu þrýstiprófun kemur fram kæling frá 900-950 m og þar er líklega einnig komin vatnsæð. Í síðustu mælingunni í holunni komu fram nokkrir rennislisferlar og kemur það fram í 1760 m dýpi og fer rennislisferillinn upp í 1675 m dýpi og gæti það verið önnur æð. Einnig virðist ná nokkurt vatn niður í 1950 m svo fer líklega nokkurt vatn niður æðina í 1960 m dýpi, fyrir neðan 1950 m hitnar holan nokkuð ört svo þar eru sennilega engar vatnsæðar. Ekki virðist vera önnur vatnsæð á hitaferlinum nema í 1200 m og þar gæti verið smávatnsæð. Holan hefur verið mæld tvisvar eftir að borun lauk (sjá Fnr. 10984), 15.02.73 og 14.09.73, seinna skiptið eftir stutta dælingu. Holan er heitust í 650 m dýpi 91.2°C þar fyrir neðan kólnar aftur og á milli 1600-1800 m dýpi er hitinn ekki nema 79.5°C (mæling 14.09.73) en þar fyrir neðan hitnar aftur og botnhitinn er rúmar 84°C.

Þrýstiprófun Yfirlit í töflu 3

Dagana 17.-26.11.72 var Mg-14 þrýstiprófuð og byrjaði þrýstiprófunin á því að pakkari var settur niður í 582 m dýpi og pakkað þar kl. 01.30 aðfaranótt 17.11. Var dælt fyrst í hálf tíma 40 l/sek og myndaðist þá strax um 66 kg þrýstingur. Síðan var dælt frá 2.15 til 7.50, en ekki var dælt meiru en 22-24 l/sek, myndaðist þá 39-42 kg þrýstingur. Pakkarinn bilaði kl 7.50, var því tekinn upp og ákveðið var að pakka aftur í 650 m dýpi og var það gert, en pakkarinn bilaði strax aftur og var sá pakkari tekinn upp aftur. Þetta var á föstudegi og ekki

þótti fært að fara að gera neinar þökkunartilraunir fyrir helgi og var því dælt á alla holuna og lokað frá 16.20 til 19.55 með nokkrum hléum. Holan reyndist alllokuð, þegar dælt var um 50 l/sek, var þrýstingurinn 12-13 kg. Einnig var bakþrýstingurinn talsverður eða um 5 kg eftir 2 mín., féll niður í 0 á 4 mín. Þann 20.11. var pakkað aftur og var það gert kl 5.30. Var pakkað í 585 m dýpi og dælt niður fyrir pakkarann. Dælt var til að byrja með um 32 l/sek, en þá myndaðist 56-58 Kg/cm² þrýstingur. Kl 10.15 var aukið við dælurnar uppí 35-36 l á sek. Þá fór þrýstingurinn upp í 63-64 kg/cm², 45-47 kg/cm² á holu. Dælt var síðan viðstöðulaust til kl 14.10, þá var dælingu hætt og afpakkað. Alls var dælt þarna niður fyrir pakkarana um 2100 tonnum. Síðan var afpakkað og svo var pakkað aftur í 801 m dýpi og var pakkað um kl 2.10 um nóttina þann 21. Var dælt stutt niður fyrir pakkarann í hálf tíma var dælt 31 l/sek og myndaðist þrýstingur 62-64 kg/cm² og 42-44 ofaná holuna sjálfa. Kl 4.20 var byrjað að dæla ofan á pakkarann og var dælt alveg samfelld til kl 11.10. Dælt var um 47 l/sek og myndaðist 15-11 kg/cm² þrýstingur. Féll þrýstingurinn mjög fljótlega niður í 12 kg/cm², það var bara allra fyrst 15 kg og svo var hann að smáfalla og féll niður í 9.0 kg og hækkaði síðan svolítið aftur. Síðan voru 2 stuttar dælingar til kl 12.02 en þá var dælingu hætt. Frá kl 12.20 til 15.45 var dælt niður fyrir pakkarann og var dælt um 34 l/sek, myndaðist þá um 65-70 kg/cm² þrýstingur og 41-46 kg/cm² þrýstingur á holuna sjálfa. Dælt var þarna um 423 tonnum.

TAFLA 3

Hola nr. Mg-14. Pakkari í 585-og 800 m dýpi.

Dælt í bil m-m	Dæling nr.	Dæling tími	Dælt l/sek	Mældur þrýst. kg/cm ²	Útreikn. þrýst. kg/cm ²	Bakþrýst. e. 2 mín.	Magn í tonnum	Magn í tonnum samtals
582-2035	1	0.30	40	66	42	37	73	
"	2	2.00	22	39	31		159	
"	2	3.35	24	42	32		316	548
214-2035	3	0.10	41	14-12			25	
"	4	0.15	48	11			43	
"	5	1.25	51	11-13		5	264	332
585-2035	6	5.00	32	56-58	40-42	37	575	
"	6	3.50	35	63-64	45-47	37	473	
"	7	8.07	36	63-64	46-48	37	1050	2098
801-2035	8	1.00	31	62-64	42-44	37	112	112
214-800	9	6.50	47	15-12-11			1138	
"	9	0.20	38	9			45	
"	9	0.27	45	10-11		4.5		
800-2035	10	3.25	34	65-70	41-46	e. 1 mín 37	73	1256
							423	423
								4769

Punnsneiðar MG-14

No.	Dýpi
4730	168 m
4731	260
4732	356
4733	416
4734	476
4735	548
4736	590
4737	606
4738	656
4739	740
4740	794
4741	830
4742	860
4743	914
4744	990
4745	1032
4746	1082
4747	1144
4748	1186
4749	1248
4750	1274
4751	1304
4937	1380
4938	1422
4939	1484
4940	1516
4941	1600
4942	1626
4943	1686
4944	1750
4945	1808
4946	1846
4947	1864
4948	1894
4949	1958

Engar talningar gerðar
eftir að vélritun lauk.

Hola MG-15

Borun

Byrjað var að stilla upp bornum við Mg-15 24.11.72 og þann 11.12. var búið að steypa fast 211 m fóðringu í holuna. Síðan var borað áfram til 08.01. með hlé yfir jóladagana og nýárið, þá var holan orðin 1988 m djúp. Holan var svo þrýstiprófuð dagana 16.-18.01. og var borverkinu lokið 19.01.73

Jarðlög og jarðlagasnið Sjá Fnr. 11078

0-95 m dýpi. Svart túff með zeólíta sem bindiefni einnig er mikið af zeólítum með rásam. Í kringum 40 m dýpi er mikið af zeólítum og glerið rauðleitt, en þar fyrir neðan eykst græna slikjan á glerinu.

95-144 m dýpi. Túff eða túffkennt set. A.m.k. á köflum er þetta mjög setlegt. Gæti einnig verið þunn setlög og túff, sem skiptist á.

144-174 m dýpi. Sennilega basaltrík breksía eða jafnvel grófkornótt set. Fyrir neðan 170 m dýpi er mjög mikið af , þótt ólíklegt sé, að um basaltlag sé að ræða því borhraðinn er mjög mikill. Svo að líklega er að þetta myndbreytt set.

186-221 m dýpi. Þrjú þóleítísk basaltlög með þykkum millilögum sem eru svolítið túffkennd, einnig ber mikið á rauðum lit í þeim. Mið basaltlagið er mjög fínkornótt basalt en hin eru grófkornóttari en þó þóleítbasalt.

221-252 m dýpi. Túff, sem er rauðleitt efst en grænt neðar og efri hlutinn er mjög setlegur.

252-277 m dýpi. Tvö fersk þóleít basaltlög með millilagi.

277-397 m dýpi. Sennilega mest móbergsbreksía misjafnlega leirrík, en gæti þó verið meira af seti, en merkt er á sniðinu. Sums staðar er örugglega set og einnig ber töluvert á rauðum köflum (hematite).

397-600 m dýpi. Túff eða mjög glerrík móbergsbreksía sums staðar er þetta nokkuð setlegt og sums staðar er rauðleit myndbreyting.

600-660 m dýpi. Efst ferskt basaltlag síðan fremur basaltrík breksía eða jafnvel set. Nokkrir rauðleitir kaflar eru í þessu lagi.

660-832 m dýpi. Mestu leyti myndbreytt basalt og virðist vera þóleítbasalt, sums staðar er myndbreytingin það mikil að gæti verið basaltrík breksía gegnumstungin af ferskum basaltlögum og er ein slík basaltbreksía merkt á sniði. Þessi fersku basaltlög gætu verið gangar og sumt er dólerít.

834-902 m dýpi. Frekar glerrík breksía og fremur ferskt efst, en myndbreyting og basaltmagn virðist aukast eftir því sem neðar dregur.

902-1019 m dýpi. Skiptast á fersk basaltlög eða dólerít-innskot og setlög. Setið er yfirleitt mjög túffkennt.

1019-1045 m dýpi. Breksía eða túffkennt set svolítið rauðleitt.

1045-1065 m dýpi. Skiptast á myndbreytt basalt og ferskir gangar og efst er sennilega dólerít gangur. Annars virðist vera þóleít.

1065-1085 m dýpi. Svo til samfellt þóleít basalt.

Sennilega gangur.

1085-1110 m dýpi. Móbergsbreksía sums staðar mjög setlegt gæti jafnvel verið túffkennt set sennilega er það meira en eitt lag. Gæti þó vel verið lagskipt set.

1112-1130 m dýpi. Mest er ferskt þóleítbasalt niður fyrir 1120 m dýpi. Þar fyrir neðan er einnig mikið af fersku basalti þó nokkuð myndbreytt inn á milli. Gæti það einnig verið gangar sem stungist hafa inn í túffkennda breksíu eða túffkennt set.

1150-1165 m dýpi. Mjög grófkristallað myndbreytt berg.

1165-1238 m dýpi. Myndbreytt basalt, gegnumstungið af fersku basalti sem sennilega eru gangar. Einnig eru dólerít gangar. Nokkuð erfitt er að finna skýr mörk á milli laga.

1238-1318 m dýpi. Mestu leyti breksía sem er gegnumstungin af dólerít göngum þetta gæti einnig verið túffríkt set. Myndbreytingin er það mikil að það er erfitt að segja hvort um gosberg eða set er að ræða. Talsvert er af epídóti í þessu myndbreytta móbergi.

1318-1400 m dýpi. Myndbreytt þóleít basalt gegnumstungið af þunnum dólerít göngum. Talsvert mikið af epídóti. Myndbreytingin er mest neðst.

1400-1443 m dýpi. Mikið af grófu myndbreyttu ólivínbasalti eða jafnvel myndbreyttu dóleríti. Inn á milli eru mjög myndbreytt millilög.

1443-1600 m dýpi. Efst er fínkornótt þóleítbasalt sennilega gangur og í 1490 m dýpi er einnig þóleítbasalt sem er sennilega gangur og kringum 1600 m dýpi dólerít innskot. En á milli er mjög myndbreytt basalt og meiri hlutinn af því er grófkornótt ólivínbasalt. Undir efra

ganginum er nokkuð af fínkornóttu myndbreyttu þóleít-basalti.

1600-1680 m dýpi. Mjög grófkornótt ólivínbasalt eða jafnvel dólerít. Þetta er allt meira og minna myndbreytt.

1680-1700 m dýpi. Er sennilega breksía töluvert er af glerkenndu efni á þessu bili, en borhraðinn virðist ekki breytast. Þunnsneið nr. 4493, dýpi 1700 m.

1700-1818 m dýpi. Skiptist á mjög myndbreytt ólivínbasalt og dólerít gangar. Gæti jafnvel verið myndbreytt dólerít. Einnig er svolítið af fersku basalti fremur grófkristölluðu þó ekki eins grófkristallað og dólerítið. Þetta eru einnig gangar. Þunnsneiðar nr. 4494, dýpi 1738 m., nr. 4495, dýpi 1770 m., nr. 4496, dýpi 1816 m.

1818-1888 m dýpi. Langmest myndbreytt gróft ólivínbasalt eða jafnvel myndbreytt dólerít. Það er ekki hægt að aðskilja einstök lög í þessu. Þunnsneiðar nr. 4497, dýpi 1852 m., nr. 4499, dýpi 1968., nr. 4500 dýpi 1986.

Myndbreyting Sjá Fnr 11394.

Vatnsæðar og hiti

Lítið var um skolvatnstöp í þessari holu. Samtals var tapið minna en 9 l/sek en yfirleitt þéttist tapið jafnóðum þannig að þegar borun lauk þá var tapið ekki yfir 1 l/sek. Fyrsta tapið kom rétt fyrir neðan fóðrun í 232 m dýpi, það var ekki nema 0.5 l/sek., en það er nokkuð öruggt tap það sést á hitamælingunni frá 10.12. 1972, þar kemur mikill hitastallur í hitaferilinn. Þetta tap er í túffi. Síðan er ekkert tap skráð fyrr en í 1034 m dýpi, það er lítið, um 0,5 l/sek og er vatnsæðin

í móbergslagi eða móbergsseti. Þessi vatnsæð kemur líka fram á hitamælingunni frá 10.12., en á þeirri sömu hitamælingu kemur stallur í hitaferlinum á milli 675-700 m dýpi, þar er líklega smávatnsæð, í basaltlögum með þykkum millilögum. Einnig er skráð smávatnsæð í 1152 m dýpi undir basaltlagi, kemur greinilega fram stallur í hitamælingunni. Næsta tap er skráð í 1347-1355 m samtals um nærri 5 l/sek. Virðist þetta vera vatnsæðanet sem er smám saman að opnast. Eftir hitamælingunni að dæma nær þetta vatnsæðanet niður fyrir 1375 m dýpi þar kemur stallur í hitaferlinum í hitamælingunni frá 17.12. Þetta tap er í mjög myndbreyttu basalti með þunnum dólerítgöngum og virðist vatnsæðanetið vera við dólerítganganna. Næsta tap er skráð í 1440 m dýpi, það er lítið aðeins 0.5 l/sek, en sennilega er vatnsæðin heldur ofar í kringum 1400 m dýpi. Það er enginn stallur í hitaferlinum í hitamælingunni á þessu dýpi en hinsvegar er stallur í kringum 1400 m og þar er dólerít innskot og gæti vatnsæðin hafa komið fyrir ofan hann. Næsta skráða vatnsæð er í 1540 m dýpi, en hún virðist nú ekki koma neins staðar fram á hitaferlinum. Í 580 m er smávatnsæð og hún kemur fram í hitamælingunni frá 03.01., en í 1640 m dýpi finnst einnig vatnsæð en það sést ekki á hitaferlinum.

Einnig er smáæð í 1700 m sem kemur einnig vel fram í hitamælingunni, sú æð er á lagmótum breksíu og basaltlags. Svo eru smáæðar í 1800 og 1938 m. Í mælingunni eftir þrýstiprófun virðist vatnið hafa náð alveg niður í botn á holunni og vatnsæðanetið í kringum 1800 m virðist ná niður undir 1850 m dýpi. Hitamælingin eftir þrýstiprófunina bendir til þess að vatnið hafi farið inni bergið milli 1500 og 1850 m, þar sé nokkurt vatnsæðanet.

Hitamælingar (sjá Fnr 11035)

Hitamælingar voru gerðar í öllum helgarleyfum bormanna,

eftir að borun og þrýstiprófun lauk og tvisvar eftir að borun lauk. Fyrsta hitamælingin var gerð 03.12. Þá var hitinn í 475 m dýpi, sem var borkrónudýpið, 91.5°C . Þessi hola er því með háhitalag eins og í mörgum öðrum holum eins og í Mg-13 og Mg-14. Hæsti hitinn sem mælst hefur í holunni er 92°C í 400 m dýpi (mæling 19.11.73). Fyrir neðan þetta dýpi fer kólnandi einkum fyrir neðan 600 m dýpi. Hitamælingin frá 19.07.73. sýnir stallaðan hitaferil niður á við, sem gæti bent til þess að það sé rennsli niður eftir holunni. Þetta rennsli gæti komið í veg fyrri að kalda beltið sem kom fram í Mg-14 komi fram hér. Hitinn í botni er 82.5°C .

Þrýstiprófun (yfirlit í töflu 4)

Daga 15.-18.01. var Mg-15 þrýstiprófuð. Pakkarinn var settur í 990 m dýpi og pakkað þar og byrjað var að dæla niður fyrir pakkarann. Byrjað var á því rétt fyrir kl 08.00 eða 07.55, en aðeins dælt með annarri dælnni til að að byrja með 24 l/sek en kl 09.05 voru báðar dælurnar komnar í gang, þá var dælt 29-32 l/sek og síðan var dælt nærri samfellt með einu smáhléi til kl 18.00. Þrýstingurinn var nokkuð hár eða við 25 l dælingu mældist þrýstingurinn 56 kg/cm^2 og þrýstingurinn á holu er þá í kringum 33 kg/cm^2 . Þegar dæling var aukin upp í 32-35 l/sek jókst mældur þrýstingur upp í 70 kg/cm^2 en jókst á löngum tíma upp í 84 kg/cm^2 og útreiknaður þrýstingur á holuna var 35-63 kg/cm^2 . Frá kl 18.00 þann 15.01 til kl 04 um nóttina þann 16.01 var ekkert dælt í holuna, en frá kl 04 var dælt ofan á pakkarann eða í bilið frá 211-990 m. Frá kl 04 til 08.20 var dælt tiltölulega litlu magni um 38 l/sek. og til að byrja með var þrýstingurinn um 20 kg/cm^2 , hækkaði svo upp í 22 kg/cm^2 og síðan féll hann niður í 17.5 kg/cm^2 . Svo bilaði ennur dælan og var þá dælt bara 25 lítrum í 46 mín. og þá var þrýstingurinn um 11-12 kg/cm^2 . Svo þegar báðar dælurnar voru komnar í lag var dælt miklu meira en áður.

og var dælt til að byrja með 61 l/sek til kl 14.00 og þá var þrýstingurinn til að byrja með 24 kg/cm², rokkaði milli 24 og 22 kg/cm². Frá kl 14.00 til 20.00 var aðeins lækkað á dælunum og var dælt 58 l/sek og þrýstingurinn hélst yfirleitt í 24 kg/cm². Þegar hætt var að dæla var bakþrýstingurinn í kringum 8 kg/cm² eftir 2 mínútur og féll niður í 0 á 6 mínútum. Kl 20.00 var svo stoppað og dæling alveg stöðvuð til kl 08.45 næsta dag þ.e.a.s. þann 17.01 þá var dælt niður fyrir pakkarann en þá var dælingu hagað öðruvísi en áður og var dælt u.þ.b. hálf tíma í einu og svo stoppað í hálf tíma og venjulega látið renna upp á milli dælinga. Þá var dælt svona til kl 24.00 um kvöldið. Þrýstingurinn virtist vera heldur lægri en í fyrri dælingunni og einnig var bakþrýstingurinn fljóttari að falla svo virðist einhver árangur af fyrri dælingunni, hins vegar virtist þrýstingurinn lítið breytast meðan á þessari dælingu stóð. Hins vegar var erfitt um mælingar á þrýstingnum vegna þess að eins og áður var sagt var þrýstimælirinn ekki alveg í lagi, mjög stirður og allar breytingar á þrýstingnum voru óöruggar. Síðan var dæling stöðvuð til kl 02.00 um nóttina svo var dælt frá 02.00-04.45 ofan á pakka litlu magni aðeins 17 l/sek og var þrýstingurinn um 2-5 kg/cm². Þetta var aðallega gert til þess að kanna áhrif af dælingum á nálægar holur. Eftir þetta var afpakkað og daginn eftir var þrepað. Rennslið úr holunni eftir hverja dælingu var ekki langt, oft ekki nema ca 20 mín. Vatnið var rétt áður en það hætti að renna um 19°C til að byrja með oft um 14°C. Rennslið upp úr holunni var ekki nema 12-20 mín. eftir hverja dælingu. Rennslið virtist fara mikið eftir tímanum, það var meira rennsli fyrst til að byrja með eftir fyrstu dælingarnar þannig hafði rennslið eftir fyrstu dælingu staðið í 10 klst. En það var strax farið að minnka mikið eftir 10 mín. Síðan virtist rennslistíminn fara að stytast og fór niður í 15 mín. og einnig virðist bakþrýstingurinn hafa smá lækkað.

TAFLA 4

Hola nr. MG-15 Pakkari í 990 m dýpi.

Dælt í bil m - m	Dæling nr.	Dæling tími	Dælt l/sek	Mældur þrýst. kg/cm ²	Útreikn. þrýst. kg/cm ²	Bakþrýst. e. 2 mín. kg/cm ²	Magn í tonnum	Magn í tonnum samtals
990-1988	1	1.10	24	51-56	34-39	q	96	
"	2	1.09	29	56-70-84	35-49-63		120	
"	3	7.35	32	84-86-83	58-60-57	46	865	1081
211-990	4	4.37	34	20-22-17.5			573	
"	4	0.46	25	11-12-11			70	
"	4	4.30	61	22-24-22			970	
"	4	6.30	58	24-34-24		8	1360	2973
990-1988	5	1.45	34	73	45	5	225	
"	6	0.30	35	70-75	42-46		58	
"	7	0.30	32	63-69	37-43		55	
"	8	0.30	34	70-72	42-44		61	
"	9	0.33	34	72	44		66	
"	10	0.35	34	69-72	41-44		72	
"	11	0.35	23	45-47	29-31		48	
"	11	0.25	33	71	44	0	49	
"	12	1.40	33	65-74	38	35	201	835
211-990	13	2.45	17	2-5			170	

Alls í holuna

5059

Þunnsneiðar MG-15

No.	Dýpi	
4493	1700	
4494	1708	Engar talningar
4495	1770	
4496	1816	
4497	1852	
4498	1916	
4499	1968	
4500	1986	

Gerðar eftir að vélritun lauk.

4958	44
4959	100
4960	180
4961	242
4962	480
4963	524
4964	576
4965	628
4906	642
4967	660
4968	690
4969	702
4970	722
4971	732
4972	766
4973	788
4974	808
4975	828
4976	850
4977	914
4978	930
4979	1242
4900	1302
4981	1340
4982	1428
4983	1450

No	Dýpi
4984	1494
4985	1548
4986	1598
4987	1620
4988	1640
4989	1670

Hola MG-16

Borun

Byrjað var að setja borinn upp þann 24.01.73. Þann 31.01.73 var búið að fódra holuna niður í 217 m dýpi. Síðan var borað áfram niður í 2033 m dýpi og var því lokið 24.02.73. Eftir það var þrýstiprófun og lauk borverkinu 02.03.73.

Jarðlög og Jarðlagasnið. Sjá Fnr. 11063

34-81 m dýpi. Svart túff með zeólít sem bindiefni. Dreifikorn af myndbreyttu og fersku gleri. Þetta túff er gegnumstungið af þunnu basaltlagi, grófkristölluðu eða gangi í kringum 62 m dýpi.

81-169 m dýpi. Mest basaltríkar breksiur eða jafnvel gróft set. Þetta er gegnumstungið af nokkrum ferskum basaltlögum sem gætu verið gangar. Basaltlögin eru þóleítísk.

186-523 m dýpi. Langmest glerríkt móberg eða túff misjafnlega myndbreytt jafnvel svolítið setlegt á köflum. Þetta er gegnumstungið nokkrum þunnum dólerítgöngum og sennilega eru þetta tvær móbergsseríur skiptar með setlagi.

523-585 m dýpi. Skiptast á basaltlög og frekar túffrík setlög eða túfflög. Flest basaltlögin eru þóleítísk og sum mjög fínkornótt. Gæti eitthvað af því verið gangar.

585-705 m dýpi. Móbergsbreksía, á köflum er það setlegt og eitt basaltlag er í þessari seríu.

706-786 m dýpi. Langmestu leyti myndbreytt basalt, einnig talsvert af millilögum í því talsvert af myndbreyttu gleri í þessu sennilega frá millilögum. Það virðist vera bæði gróft og fínkornótt basalt, sem hefir myndbreytst.

786-830 m dýpi. Mest mjög myndbreytt grófkornótt ólivín basalt gegnumstungið af dólerítgöngum.

830-880 m dýpi. Langmest móbergsbreksía stundum basalt-rík eða jafnvel set og kannski einstaka basaltlög, það finnst töluvert af ferskum basaltkornum í þessu.

880-952 m dýpi. Langmest ferskt þóleít basalt. Einnig finnst svolítið inn í miðjunni af mjög grófkornóttu sem gæti verið dólerít innskot. Þetta eru sennilega allt samhliða gangar. Þetta virkar mjög ferskt.

952-1038 m dýpi. Mest glerrík móbergsbreksía eða jafnvel túffríkt set gegnumstungið af dólerítgöngum og einnig er ferskt basaltlag við hliðina á dólerítgangi og gæti verið hluti af honum.

1038-1072 m dýpi. Myndbreytt þóleít basaltlög og með töluvert af millilögum. Nokkuð ber á fersku fremur grófkristölluðum basaltkornum sem annað hvort eru frá miðju á basaltlögum eða af þunnum dólerítgöngum. En það er ekki hægt að segja út frá svarfinu hvar þeir eru á þessu bili. Þunnsneið nr. 4990.

1072-1093 m dýpi. Mjög fínkornótt túffríkt set og er epídót í þessu lagi í fyrsta sinn í holunni. Þunnsneið nr. 4991.

1093-1140 m dýpi. Þrjú þóleítbasaltlög með túffkenndum millilögum. Efsta basaltlagið er mjög ferskt og glerkennt þóleítbasalt. Miðlagið er einna grófast og gæti jafnvel verið dólerítgangur. Neðsta lagið er svolítið myndbreytt og gæti jafnvel verið fleiri en eitt lag, því myndbreyting er mismikil. Þunnsneið nr. 4501, dýpi 1120 m.

1140-1170 m dýpi. Glerrík móbergsbreksía mjög myndbreytt með mikið af epídóti. Þunnsneið nr. 4502, dýpi 1170 m.

1170-1205 m dýpi. Myndbreytt grófkornótt ólivínbasalt með einstaka lögum af fersku basalti.

1206-1292 m dýpi. Skiptast á myndbreytt basalt, dólerítgangar og mjög myndbreyttar móbergsbreksíur, móbergsbreksíurnar gætu einnig verið túffkennt set. Efsta myndbreytta basaltserían er þóleítísk hinar eru yfirleitt myndbreytt ólivínbasalt. Mjög mikið af epídóti er einkum í myndbreyttu breksíunum einnig í myndbreytta basaltinu. Þunnsneiðar nr. 4503, dýpi 1206 m., nr. 4504, dýpi 1236 m., nr. 4505, dýpi 1250 m.

